

fer innlausn fram að fullu, en sjáist aðeins annað númerið verður innlausn eða greiðsla vinnings innt af hendi af hálfu, enda sé meira en fjórðungi bréfsins framvísað.

## 9. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt reglugerð þessari.

## 10. gr.

Fjármunum þeim, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skal varið til viðbótar fjárframlögum, skv. vegaáætlun til framkvæmda við Norðurveg og Austurveg skv. lögum nr. 36/1975, sbr. lög nr. 28/1979.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluverði skuldabréfanna.

## 11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 5. gr. laga nr. 36 frá 23. maí 1975, sbr. lög nr. 28 frá 25. maí 1979, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 26. mars 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Árni Kolbeinsson.*

## S A M Þ Y K K T

**um forkaupsrétt Suðurfjarðahrepps, Vestur-Barðastrandarsýslu,  
á fasteignum innan sveitarfélagsins.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps samþykkir samkv. heimild í lögum nr. 22/1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 frá 21. maí 1964, að áskilja Suðurfjarðahreppi forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan marka sveitarfélagsins vegna gerðar aðalskipulags og deiliskipulags einstakra hverfa.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. mars 1981.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*